

Jákvæð afkomuviðvörðun

Drög að ársuppgjöri SKEL fjárfestingafélags hf. (SKEL) fyrir árið 2022 liggja fyrir og samkvæmt þeim mun afkoma eftir skatta nema 14,5 – 15,0 ma.kr. Það er talsvert umfram afkomuspá fyrir árið 2022 sem birt var samhliða uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2022 en þar var hagnaður eftir skatta áætlaður á bilinu 7,6 – 8,3 ma.kr. Ástæðan fyrir þessari breytingu er fyrst og fremst hagnaður vegna uppfærðs verðmats á óskráðum fjárfestingaeignum félagsins sem nemur samtals 9,8 ma.kr. Áætlað eigið fé SKEL í árslok er 33,0 – 33,5 ma.kr.

SKEL uppfyllir skilyrði alþjóðlegra staðla um reikningsskil, IFRS 10, til að flokkast sem fjárfestingafélag. Samkvæmt þeim reglum gerir félagið ekki samstæðureikning heldur metur fjárfestingar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS 9.

SKEL fékk utanaðkomandi aðila til að verðmeta óskráðar eignir sem bókfærðar eru á einn milljarð eða meira og var verðmatið unnið af Erlendi Davíðssyni, CFA. Upphaflegur verksamningur var gerður við Birtir Capital Partners, en fluttist svo til Kviku banka þegar Erlendur tók við starfi forstöðumanns fyrirtækjaráðgjafar bankans. Verðmötin miðast við drög að rekstrarniðurstöðu ársins 2022 sem og rekstrar- og fjárfestingaráætlun stjórnenda félaganna fyrir rekstrarárin 2023-2025, auk annarra gagna og viðmiðunarfélaga.

Í verðmötunum var stuðst við sjóðstreymisgreiningu (e. Discounted Cashflow, DCF) og bæði notað frjálst fjárstreymi til fyrirtækis (e. Free Cash Flow to Firm, FCFE) og arðgreiðslulíkan (e. Dividend Discount Model, DDM). Hafa ber í huga að verðmatið er í grunninn byggt á rekstraráætlunum stjórnenda. Sérstöku fyrirtækjaálagi var bætt við ávöxtunarkröfu eigin fjár, sem meðal annars tekur mið af seljanleika félaganna og óvissu um framgang rekstraráætlana og óvissuþáttum í rekstrarumhverfi. Órekstartengdar eignir í eigu félaganna, þ.m.t. eignarhlutir í öðrum félögum, voru í flestum tilfellum metnar á bókfærðu virði sem talið er endurspeglar raunvirði þeirra

Í töflunni hér að neðan má sjá helstu forsendur verðmatanna fyrir hvert og eitt félag. Rekstartölur eru án IFRS16.

		Orkan ¹	Löður	Lyfjaval ²	Skeljungur	Gallon	Öll félögin
Drög 2022	Framlegð//Tekjur ³	4.083	758	2.727	3.131	538	-
	EBITDA	1.079	253	158	1.130	265	2.885
	EBIT	537	236	32	922	150	1.877
Áætlun 2023	Framlegð	4.505	906	3.137	3.363	580	-
	EBITDA	1.237	327	305	1.326	276	3.471
	EBIT	561	242	216	1.171	162	2.352
	Fjárfestingar	907	1.237	60	136	76	2.416
Virðismat	WACC	11,7%	13,8%	13,1%	13,3%	11,4%	-
	Rekstrarvirði (EV)	7.358	1.730	3.353	9.807	2.556	24.804
	Virði hlutafjár ⁴	5.391	1.822	1.458	7.800	2.920	19.391
Verðlagning	EV/EBITDA 2022	6,8x	6,8x	21,2x	8,7x	9,4x	8,6x
	EV/EBITDA 2023S	5,9x	5,3x	11,0x	7,4x	9,0x	7,1x
	EV/EBIT 2022	13,7x	7,3x	103,5x	10,6x	16,6x	13,2x
	EV/EBIT 2023S	13,1x	7,2x	15,5x	8,4x	15,3x	10,5x

Hafa ber í huga að upplýsingar sem fram koma í tilkynningu þessari eru bráðabirgðamat og ekki byggðar á endanlegu uppgjöri eða endurskoðuðum niðurstöðum. Forsendur og aðstæður geta tekið breytingum og þar af leiðandi getur afkoma félagsins orðið frábrugðin núverandi horfum.

¹ Án Lyfjaval og Löðurs

² Rekstartölur fyrir 2022 eru án söluhagnaðar rekstrarfjármuna. Félagið er í uppbyggingu og áætlunir ársins 2023 endurspeglar þá uppbyggingu að mati stjórnenda.

³ Framlegð og aðrar tekjur í tilfelli Skeljungs og Orkunnar, tekjur í tilfelli Gallons, Lyfjaval og Löðurs.

⁴ Virði hlutafjár í Lyfjaval samsvarar 58% hlut SKEL í félaginu. Í öðrum tilfellum er um 100% hlut að ræða.

Orkan IS ehf. er fyrirtæki á neytendamarkaði. Orkan rekur 70 eldsneytisstöðvar auk þess að selja vetni, metan og bjóða rafhleðslu. Verslunarrekstur Orkunnar telur 9 verslanir, undir merkjum Orkunnar, 10-11 og Extra. Orkan á að fullu Löður ehf. og Íslenska vetnisfélagið ehf. Orkan á eignarhlut í Lyfjaval ehf. (58%), Straumlind ehf. (34%), sem og eignarhlut í félögum í veitingarekstri undir vörumerkjum Brauð og co., Gló og Sbarro.

Lyfjaval ehf. rekur 7 apótek undir eigin vörumerki sem og netverslun með lyf og tengdar vörur.

Löður ehf. rekur 15 bílþvottastöðvar, 13 á höfuðborgarsvæðinu, eina á Akureyri og aðra í Reykjanesbæ. Allar stöðvarnar eru reknar undir eigin vörumerki.

Skeljungur ehf. sinnir sölu og þjónustu við fyrirtæki með eldsneyti, efnavöru og áburð. Félagið sinnir hluta af þjónustu sinni í gegnum eftirfarandi dóttur- og hlutdeildarfélög Barkur ehf. (67%), EAK ehf. (33%), Fjölver ehf. (33%) og Ecomar ehf. (67%).

Gallon ehf. á og rekur orkuinnviði, þ.e. sex birgðastöðvar í Reykjavík, á Akureyri, Eskifirði, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum. Birgðatankar félagsins eru 36 og geymslurými fyrir um 90m lítra af eldsneyti. Gallon ehf. á 25% eignarhlut í EBK ehf.

Félagið mun birta ársuppgjör 2022 eftir lokun markaða þann 7. febrúar 2023.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, forstjóri: fjarfestar@skel.is